



Borgarráð

Efni: Skattgreiðslur af samgöngustyrkjum og niðurgreiðslu á bílastæðum

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, dags. 14. nóvember sl., um samgöngustyrki. Óskað er eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um eftirfarandi fyrirspurn:

„1. Reykjavíkurborg greiðir tæpar 100 milljónir í samgöngustyrki til starfsmanna, eru greiddir skattar af þessum hlunnindum? 2. Niðurgreiðsla á bílastæðum fyrir embættismenn nemur tæpum 5 milljónum á ári, eru greiddir skattar af þessum hlunnindum?“

Samgöngustyrkir eða samgöngugreiðslur, sem launagreiðandi greiðir launamanni vegna ferða á milli heimilis og vinnustaðar samkvæmt sérstökum samningi um nýtingu á almenningssamgöngum eða vistvænum samgöngumáta teljast ekki til skattskyldra tekna upp að vissu hámarki á mánuði og að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Lögfest er að gera þurfi samning milli launagreiðanda og launamanns um þennan samgöngumáta en í skattmati er nánar kveðið á um fjárhæðir og önnur skilyrði. Ekki skal telja til skattskyldra hlunninda greiðslu launagreiðanda á kostnaði launamanns vegna ferða milli heimilis og vinnustaðar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda, ef nýttar eru almenningssamgöngur eða vistvænn samgöngumáti að hámarki samtals 8.000 kr. á mánuði og að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Undirritaður sé formlegur samningur milli launagreiðanda og launþega um nýtingu á almenningssamgöngum eða vistvænum ferðamáta vegna ferða launþegans til og frá vinnu sinnar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda. Nýting slíks ferðamáta þarf að vera í sem nemur a.m.k. 80% af heildarfjölda ferða. Nái starfsmaður ekki þessu hlutfalli er heimilt að undanþiggja helming framangreindrar fjárhæðar frá skattskyldu (4.000 kr. á mánuði), enda nemi vistvænar ferðir a.m.k. 40% af heildarfjölda ferða.
2. Með vistvænum samgöngumáta er átt við að nýttur sé annar ferðamáti en með vélknúnum ökutækjum samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga, t.d. reiðhjól eða ganga.
3. Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt er alltaf um að ræða skattskyld hlunnindi án frádráttar ef greiðsla er vegna ferða launþega til og frá vinnu.

Samkvæmt samgöngusamningum Reykjavíkurborgar eru greiddar 6000 kr. á mánuði til starfsmanna sem uppfylla framangreind skilyrði um samgöngusamning og nota þá ekki einkabifreiðar né bílastæði á starfsstöðvum. Fyrir bílastæðaaðgengi í Ráðhúsi Reykjavíkur greiða starfsmenn 2000 kr. á mánuði fyrir bílastæðakort sem veitir aðgang að lausum bílastæðum í húsinu og er því um niðurgreiðslu að ræða á bílastæðum. Ekki eru greidd hlunnindi af niðurgreiðslunni.

Halldóra Káradóttir
Sviðsstjóri